

Jarðvegur í Reykárhverfi 4 í Eyjafjarðarsveit.
Unnið fyrir Eyjafjarðarsveit í júní 2008.

Grafnar voru nokkrar prufuholur og borað með Cobrabor í flesta byggingareiti. Cobraborun gefur fjölda sek. sem það tekur að bora 20 sm í jarðveginn. Túlka þarf niðurstöður Cobraborunar með varúð, t.d. er gangur borsins misjafn og hann getur stoppað á grjóti þó lengra sé niður á fastan botn. Einnig getur jarðvegur undir sama húsi verið breytilegur.

Niðurstöður eru helstar að burðarhæfi jarðvegs er mjög misjafnt, frá því að vera gott malarlag og í "botnlausan" mó. Erfitt er að gefa einhlítt svar hvernig eigi að grunda hús á þessu svæði. Víða eru millilög, leir eða möl og mætti grafa niður á þau lög ef þau eru nægjanlega þykk. Staurationirstöður væru bestar í vissum tilvikum. Gert er ráð fyrir að grundun sé sumstaðar með svipuðum hætti og tíðkast hefur í eldri hverfum í Reykárhverfi, eða fyllt undir hús með um þriggja metra púða, gjarnan með yfirhæð og beðið í einhvern tíma til að ná fram sigi. Hönnuður húss ákveður hvernig grundun þess er háttað. Gæta þarf að grundun næsta húss þegar grafið er til að hafa ekki áhrif á stöðugleika þess.

Kristinn Magnússon
Verkfræðistofa Norðurlands ehf.